



Reglugerð – Bikarkeppni ÍF í Para-borðtennis

Gildir frá 1. júlí 2026

1. grein – Fyrirkomulag keppni

Bikarkeppni ÍF í para-borðtennis er haldin með útsláttarfyrirkomulagi. Hvert lið skal vera skipað að lágmarki tveimur leikmönnum.

2. grein – Skráning liða og keppnisréttur

Keppnisrétt hafa þeir leikmenn sem flokkast undir fötlunarflokka 1–11.

Við lok skráningarfrests skal tilkynna nafnalista fyrir hvert lið.

3. grein – Keppnisfyrirkomulag

Viðureignir fara fram með eftirfarandi hætti:

1. Einliðaleikur: A – X
 2. Einliðaleikur: B – Y
 3. Tvíliðaleikur
 - Heimilt er að aðrir leikmenn en A, B, X og Y taki þátt í tvíliðaleik.
 4. Einliðaleikur: A – Y
 5. Einliðaleikur: B – X
- Það lið sem sigrar þrjá leiki vinnur viðureignina.

4. grein – Leikfyrirkomulag

Allir leikir fara fram samkvæmt reglum ITTF.

Allir leikir eru spilaðar 3-5 lotur, vinna þarf þrjár (3) lotur til að vinna leik.

5. grein – Röðun leikmanna

Hvert lið tilnefnir tvo aðalleikmenn (A og B) fyrir hverja viðureign áður en hún hefst.

Röðun leikmanna (A og B) er bindandi fyrir viðkomandi viðureign.

6. grein – Notkun leikmanna

Liðum er heimilt að skipta um leikmenn milli viðureigna úr sínum nafnalista.

Leikmenn mega taka þátt í bæði einliðaleik og tvíliðaleik í sömu viðureign.

7. grein – Keppnisfyrirkomulag B-keppni

Ef átta lið eða fleiri eru skráð til leiks fara þau lið sem komast ekki áfram úr fyrstu umferð í „B“-útsláttarkeppni.

Fyrirkomulag B-keppni er hið sama og í aðalkeppni nema annað sé tekið fram.

8. grein – Röðun liða

Efstu fjögur lið keppinnar skal vera raðað þegar dregið er í mótið.

Röðun liða byggir á meðaltali stiga leikmanna liðsins á styrkleikalista BTÍ.



9. grein – Verðlaun

Veitt eru verðlaun fyrir sæti 1-4 í bæði A og B keppni.